

# Strengjabrúðugerð - dýr / hundur



Höfuðið: Forma lagið á höfðinu í nokkrum skrefum. Krumpað saman dagblaðapappír og sett málningarlímband utan um.



Fremri hlutinn settur á höfuðið með því að brjóta saman dagblöð og líma við



Eyrun sett á höfuðið, dagblað og málningarlímband.



Búkurinn formaður með dagblaði og málningarlímbandi.



Skottið og fætur mótaðir. Bara neðsti hlutinn af fótunum.



Sett dagblöð utan um allt með veggfóðurslím. Látið þorna.



Veggfóðurslím:  
Setja veggfóðurslím á rifinn dagblaðapappír og á hlutina sem á að nota. Slétta dagblaðapappírinn utan á með því að strjúka vel yfir með líminu með fingrunum.



Klippt til fætur, háls og festingu fyrir rófu/skott. Málað með akrílmálningu og látið þorna/purrkað með blásara.



Festum fætur við neðsta hlutann með hitalími og gera smá gat með nál í pappann.

# Strengjabrúðugerð - dýr / hundur



Festa búkinn saman við skottið og höfuðið.



Setja alla hluta saman.

Næst skal mála brúðuna, hanna föt eða skraut fyrir hana og útbúa strengjakross. (sjá leiðbeiningar neðar fyrir strengjakross).

Strengirnir eru fyrst settir á þrjá staði: Miðjuna á höfðinu, búknum og á skottið. Gera gat með nál, líma með hitalími og koma bandinu fyrir.



Strengirnir eru næst settir á alla fæturna, annað hvort neðst eða á miðjum leggnum.



Strengjakross útbúinn  
Sagað er trjágreinar/spýtur þannig til að þær smelli saman og límdar saman með trélimi.



Fundið rétta hæð og stillingar fyrir strengi og fest við strengjakrossinn.



Þegar verið er að setja saman strengjabrúðu er gott að halda á henni þannig að olnbogi sé beygður í 90° og strengirnir hangi strekktir og fætur sitji á gólfinu.